

Ríkissjóður Íslands gerir um stofnun einkahlutafélags svohljóðandi:

STOFNSAMNING

1. gr.

Heiti félagsins er Fasteignir Háskóla Íslands ehf. Heimilisfang þess er í Háskóla Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík.

Félagið er stofnað með heimild í 6. gr. fjárlaga 2021, lið 5.17

2. gr.

Tilgangur félagsins er að fara með eignarhald og umsýslu á þeim fasteignum sem Háskóli Íslands nýtir í starfsemi sinni. Félagið reisir jafnframt byggingar á vegum Háskóla Íslands. Skulu fasteignirnar nýttar í þágu Háskóla Íslands, bæði hvað varðar kennslu, vísindarannsóknir og nýsköpun sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur. Félagið skal tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og hagkvæmni í rekstri og nýtingu húsnæði háskólans.

Miðað er við að félagið fari einnig með eignarhald á landi og önnur lóðarréttindi vegna byggingarreita sem nýttar hafa verið til háskólastarfsemi og tengdrar starfsemi á háskólasvæðinu við Vatnsmýri í samræmi við samkomulag milli borgar og ríkis um lóðir Háskóla Íslands frá 1. september 2014. Háskóli Íslands skal hins vegar vera skráður umráðaðili og afnotahafi fasteigna og lóða sem nýttar eru undir starfsemi hans.

Meginmarkmið félagsins skulu vera eftirfarandi:

- a. Að eignaumsýsla verði fagleg og uppfylli þær almennu kröfur sem gerðar eru til fasteigna- og framkvæmdamála á vegum ríkisins.
- b. Að leigugjald verði gagnsætt og taki mið af leiguverði sambærilegra eigna á markaði.
- c. Að tryggja að góð tengsl séu við stjórnarsýslu Háskóla Íslands.
- d. Að efla samstarf við aðrar stofnanir, einkum Ríkiseignir og Framkvæmdasýslu ríkisins, um örugga og hagkvæma umsýslu eigna.

Í því skyni að ná tilgangi sínum er félaginu m.a. heimilt að byggja, kaupa, leigja og reka fasteignir fyrir Háskóla Íslands. sbr. þó takmarkanir sem koma fram í 3. gr.

Stór hluti húsnæðisins er sérhæft, þannig að umsjón og viðhald krefst sérfræðipækkingar sem byggst hefur upp innan háskólans. Þörf er fyrir mikinn sveigjanleika í þróun á húsnæði til að mæta og stuðla að þróun í kennslu og rannsóknum.

Rekstur félagsins skal standa undir sér. Tryggja skal hagkvæma nýtingu fjármuna með skilvirkri og markvissri fjármálastjórn þannig að reksturinn verði innan þess fjárhagsramma sem starfseminni er markaður. Verði hagnaður af starfsemi skal honum varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu

RAM TAB

kostnaðar af viðhaldi háskólabýgginganna, til feegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans.

3. gr.

Ekki má selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum félagsins, þ.m.t á landi eða lóðum, né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Miðað er við að söluheimildar verði aflað í fjárlögum hvers árs með sama hætti og gildir um almennar sölur á fasteignum ríkisins.

Félaginu er þó heimilt að leigja fasteignirnar til þriðja aðila að því marki sem slíkt samrýmist hagsmunum Háskóla Íslands og skal þar einkum horft til hátæknifyrirtækja, stofnana, sérhæfðra rannsóknastofa, sprotafyrirtækja og annarrar starfsemi, sem er í þágu Háskóla Íslands. Hér er einkum átt við aðstöðu fyrir minni aðila sem eru í nánnum tengslum við aðra starfsemi háskólans.

4. gr.

Félaginu er heimilt taka lán sé það metið hagkvæmt fyrir framgang verkefna félagsins. Lántaka er háð því skilyrði að ríkissjóður veiti félaginu lán eða veiti ríkisábyrgð verði lán tekið frá öðrum aðila.

Félaginu er heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum, þ.m.t eignarhlut Háskóla Íslands í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf.

5. gr.

Hagnaði af eignum félagsins skal ráðstafað í þágu tilgangs félagsins eins og hann er skilgreindur.

6. gr.

Hlutfé félagsins er 10 m.kr. og skiptist í einnar krónu hluti. Hlutir skulu hljóða á nafn og fylgir eitt atkvæði hverri krónu í hlutfé.

Stofnandi félagsins er Ríkissjóður Íslands, kt. 540269-6459, er skráir sig fyrir öllu hlutfénu að upphæð kr. 10.000.000,-. Allt hlutfé er þegar greitt.

7. gr.

Samkomulag er um að háskólaráð Háskóla Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra fari sameiginlega með fyrirvar eignarhalds í félaginu. Háskólaráð fer með fyrirvar á 60% hluta og fjármála- og efnahagsráðherra fer með fyrirvar 40% hluta.

Í samræmi við sameiginlegt fyrirvar eignarhalds veitir fjármála- og efnahagsráðherra, á grundvelli stofnsamning þessa, háskólaráði umboð til þess að tilnefna menn til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt í samræmi við fyrrnefnt fyrirvarshlutfall háskólans.

Handwritten signature in blue ink, appearing to be "TAB" and "BAM".

Tilnefningar í stjórn félagsins skulu vera í samræmi við fyrirsvarshlutfall hvors aðila. Stjórn skiptir með sér verkum.

8. gr.

Kostnaður við stofnun félagsins, sem er áætlaður 250.000 kr., greiðist úr félagssjóði.

9. gr.

Fjöldi stjórnarmanna skal ákveðinn í samþykktum félagsins. Stofnfundur kýs stjórn og endurskoðanda til fyrsta aðalfundar.


10. gr.

Óheimilt að breyta stofnsamningi þessum eða samþykktum félagsins nema með samþykki bæði háskólaráðs Háskóla Íslands og fjármála- og efnahagsráðherra.

Drög að samþykktum félagsins er hluti af stofnsamningi þessum.

Reykjavík, 29. júní 2021

f.h. Ríkissjóðs Íslands



fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. háskólaráðs Háskóla Íslands



rektor

